



Viðauki 1a

Grunnpjónusta

1. október 2010

1. Vörulýsing

Í boði er eftirfarandi aðgangur að heimtaug:

- Fullur aðgangur að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar.
- Skiptur aðgangur þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning, þ.e.
 - a. Aðgangur að heimtaug þar sem neðra tíðnisviðið er eingöngu notað.
 - b. Aðgangur að heimtaug þar sem efra tíðnisviðið er eingöngu notað.
 - c. Aðgangur að heimtaug í götuskáp með skiptan aðgang.
- Ofangreindur aðgangur getur verið að allri heimtauginni (loop) eða að hluta hennar (heimtaugarhluti/subloop).

2. Skilmálar

Aðgangur að heimtaug er látinn í té af þjónustusala með eftirfarandi skilyrðum:

1. Aðgangur að heimtaug í tækjarými til þjónustukaupa er háður þeim stöðlum sem gilda um nýtingu tíðnirófsins.
2. Aðgangur að heimtaug í tækjarými skal einungis veittur þjónustukaupa gegn afhendingu þeirra upplýsinga sem farið er fram á í samningi þessum, þ.m.t. upplýsingar um búnað, þekkingu og þjálfun starfsmanna.
3. Aðgangur að heimtaug í tækjarými er háður því skilyrði að þjónustukaupi valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum heimtaugum með þjónustu sinni.
4. Heimtaug sem nýtt er samkvæmt samningi þessum er eign þjónustusala.
5. Sé ákveðið fjarskiptafyrirtæki að veita þjónustu á tiltekinni heimtaug, er ekki hægt að veita öðru fjarskiptafyrirtæki fullan aðgang að þeirri heimtaug.
6. Verð fyrir aðgang að heimtaug er háð því í hvað aðgangurinn er notaður (sjá 8. gr.)
7. Almennt skal ljúka viðgerð vegna bilunar á stakri línu innan 24 dagvinnustunda frá því að hún er tilkynnt. Í erfiðustu undantekningartilvikum, t.d. á stöðum sem eru langt frá mönnum bækistöðvum Mílu, skal viðgerð lokið eigi síðar en 10 dögum eftir tilkynnta bilun. Að minnsta kosti 95% viðgerða skal lokið innan 24 dagvinnustunda frá tilkynntri bilun.
8. Verði bilun á stofnstreng (100 línur eða stærri) eða kerfisbilun þar sem ætla má að fleiri en 25 viðskiptavinir verði fyrir verulegum truflunum, skal hefja viðgerð á slíkri bilun eins fljótt og unnt er.
9. Verði breyting á nýtingunni skal þjónustukaupi upplýsa þjónustusala um slíkt.
10. Við val á strengjum og tengilistum til uppsetningar á tengigrind þjónustusala, skal nota samskonar efni og þar er fyrir, eða fá samþykki umsjónaraðila tengigrinda fyrir annarri efnisnotkun, ef þess er ekki kostur.
11. Komi til þess af ástæðum sem þjónustukaupi ber ábyrgð á, að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði þjónustusala, þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir. Náist ekki samkomulag á milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.
12. Míla veitir aðgang að upplýsingum úr línubókhaldi.

3. Umsókn um aðgang að heimtaug

Þjónustukaupi sem óskar eftir aðgangi að heimtaug sendir umsókn til þjónustusala þar að lútandi. Umsóknir skulu ekki sendar fyrr en lokið er gerð viðskiptasamnings á milli notanda og þjónustukaupa þar sem fram kemur hvaða fjarskiptaþjónustu viðkomandi notandi hyggst gerast áskrifandi að hjá þjónustukaupa.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um aðgang að heimtauginni:

1. Nafn þjónustukaupa sem sækir um aðgang.
2. Nafn notanda, heimilisfang og íbúðarnúmer.
3. Auðkenni á heimtaug (símanúmer eða leigulínunúmer).
4. Tegund þjónustu (t.d. ADSL, ADSL2, ADSL2+, VDSL, VDSL2, (G)SHDSL, POTS eða ISDN), þ.m.t. upplýsingar um bitahraða ef við á.
5. Hvers konar aðgangi er óskað eftir (fullur eða skiptur aðgangur).
6. Hvort heimtaugin er í notkun eða ný (ef umsækjanda er kunnugt um það).
7. Hvenær óskað er eftir aðgangi.
8. Hvort óskað sé eftir að heimtaug sé mæld áður en afhending fer fram.
9. Nafn og símanúmer þess starfsmanns þjónustukaupa, sem hefur með umsóknina að gera.

Umsóknir skulu vera dagsettar og skriflegar. Senda skal sérstaka umsókn á netfangið sala@mila.is

Þjónustukaupi sem leigt hefur fullan aðgang að heimtaug má framleigja þriðja aðila skiptan aðgang að heimtauginni en hinn síðarnefndi öðlast ekki bein réttindi gagnvart þjónustusala og ber ekki beinar skyldur gagnvart þjónustusala.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um yfirtöku á heimtaug:

1. Nafn þjónustukaupa, sem sækir um yfirtöku.
2. Nafn notanda, heimilisfang og íbúðarnúmer.
3. Auðkenni á heimtaug (heimilisfang og íbúðanúmer endanotanda).
4. Tilvísunarnúmer þjónustukaupa v. reikningagerðar.
5. Tegund þjónustu (t.d. ADSL, ADSL2, ADSL2+, VDSL, VDSL2, (G)SHDSL, POTS eða ISDN), þ.m.t. upplýsingar um bitahraða ef við á.
6. Hvenær óskað er eftir yfirtöku.
7. Nafn fyrirtækis sem símanúmer er flutt frá.
8. Hvort óskað sé eftir að heimtaug sé mæld áður en afhending fer fram.
9. Nafn og símanúmer þess starfsmanns þjónustukaupa, sem hefur með umsóknina að gera.

Umsóknir skulu vera dagsettar og rafrænar.

4. Afgreiðsla umsókna

4.1 Staðfesting og afgreiðsla umsóknar

Innan tveggja vinnudaga frá því að umsækjandi hefur veitt allar upplýsingar og gefið skýringar á vafaatriðum skal þjónustusali staðfesta móttöku umsóknarinnar og að upplýsingar séu fullnægjandi.

Afhenda skal heimtaug eigi síðar en sjö vinnudögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Þetta á þó einungis við þar sem koparheimtaug er til staðar. Þegar gera þarf umtalsverðar breytingar á kerfi þjónustusala gilda ekki umræddar tímasetningar varðandi afhendingu. Þjónustusali skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar. Þjónustusala er heimilt að áskilja mest eins mánaðar lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtaug. Þjónustusali skal gæta jafnræðis, á milli allra þjónustukaupa hvað afgreiðslu umsókna varðar.

4.2 Tafir

Ef tafir verða fyrirsjáanlegar á aðgangi að heimtaug umfram það sem áður hefur verið tilkynnt, skal þjónustusali þegar í stað upplýsa umsækjanda og gefa skýringu á seinkuninni.

4.3 Afturköllun

Komi til þess að umsókn um aðgang að heimtaug verði dregin til baka skal þjónustukaupi bera sannanlegan kostnað að þeim hluta verksins sem þegar hefur verið framkvæmdur.

4.4 Mælingar

Þjónustukaupi sem óskar eftir leigu á heimtaug getur óskað eftir því að heimtaug verði mæld áður en hún er afhent til notkunar. Aðilar skulu fyrirfram koma sér saman um umfang mælinga og gjaldtöku fyrir þær. Þegar sótt er um skiptan aðgang og vafi þykir leika af hálfu þjónustusala um möguleika þess að veita slíkan aðgang getur umsækjandi krafist þess í sérstökum tilfellum að vera viðstaddur mælingar á heimtaug sem sýna eiga hvort heimtaugin ber gagnaflutning með xDSL aðferðum án þess að valda truflunum.

4.5 Innleiðing nýrrar tækni

Ef þjónustukaupi óskar eftir leigu á heimtaug fyrir tækni (þjónustu) sem ekki hefur áður verið tekin í notkun á heimtauganeti þjónustusala þá skal umsóknin sett í eftirfarandi afgreiðsluferli:

1. Þjónustusali skal í samvinnu við þjónustukaupa meta hugsanleg áhrif af innleiðingu á nýrri tækni á fyrirliggjandi þjónustu í heimtauganetinu og gera tillögur um aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir skaðlegar truflanir á þjónustu annarra þjónustukaupa.
2. Þjónustusali skal kynna Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) fyrirhugaðar aðgerðir sem miða að því að innleiða nýja tækni í heimtauganetinu án þess að valda skaðlegum truflunum á aðra þjónustukaupa. Þjónustusali skal á sama tíma óska eftir umsögn PFS um fyrirhugaðar aðgerðir.
3. Þjónustusali skal upplýsa þjónustukaupa um niðurstöður umsagnar PFS um fyrirhugaðar aðgerðir.
4. Þjónustukaupi skal í samvinnu við þjónustusala innleiða nýja tækni í samræmi við umsögn PFS um fyrirhugaðar aðgerðir.

5. Bilanatilkygningar

Fjarskiptafyrirtækjum sem gera samning um þjónustu við notanda og leigja aðgang að heimtaug af þjónustusala til þess að geta veitt viðkomandi þjónustu, ber að upplýsa notendur um hvert þeir geti tilkynnt um bilanir. Notanda ber að beina kvörtunum einungis til þess þjónustusala sem hann hefur gert samning við. Þjónustukaupa ber að kanna hvort bilun geti verið í neti hans eða þjónustu. Sé talið óyggjandi að bilun sé í neti þjónustusala skal þjónustukaupi senda kvörtun til þjónustusala.

6. Uppsögn

Uppsögn á heimtaugarleigu skal tilkynnt þjónustusala rafrænt með minnst eins mánaðar fyrirvara. Leiga á heimtaug verður ekki framseld þriðja aðila.

7. Verðskrá

Þjónustukaupi að aðgangi að neðra tíðnisviði heimtaugar greiðir leiguverð fyrir aðgang að heimtaug skv. töflu 7.1.

Þjónustukaupi að fullum aðgangi að heimtaug greiðir leiguverð fyrir aðgang að heimtaug skv. töflu 7.2.

Þjónustukaupi að skiptum aðgangi að efra tíðnisviði heimtaugar, þar sem neðra tíðnisviðið er einnig í leigu, greiðir leiguverð fyrir aðgang að heimtaug skv. töflu 7.3.

Nú óskar þjónustukaupi einungis eftir skiptum aðgangi að efra tíðnisviði heimtaugar og neðra tíðnisviði heimtaugarinnar er ekki í leigu. Skal þjónustukaupi þá greiða leiguverð fyrir fullan aðgang að heimtaug skv. töflu 7.2.

Nú hættir þjónustukaupi að leigja skiptan aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar og skal þjónustukaupi að efra tíðnisviði heimtaugar þá greiða leiguverð eins og um fullan aðgang að heimtaug sé að ræða skv. töflu 7.2.

Verð er án vsk.

7.1 Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug

Í grunnverði er innifalinn aðgangur að neðri hluta tíðnibandssins.

Þjónusta	Verð
Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug (neðra tíðnisvið)	920 kr./mánuð
Heimtaug - stofngjald	2.950 kr/mánuð
Heimtaug - flutningur númers Línur sem þegar eru í notkun og símanúmer tengd í húskassa	2.040 kr/tenging
Heimtaug - stofngjald nýttenging	2.155 kr/tenging
Flutningur á línu af fjölsíma	8.663 kr/tenging

7.2 Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug

Ef aðeins efra tíðnibandið er notað greiðist eins og fyrir fullan aðgang.

Þjónusta	Verð
Fullur aðgangur að heimtaug	1.223 kr/mánuð
Heimtaug stofngjald Línur sem þegar eru í notkun og símanúmer tengd í húskassa	2.950 kr/tenging
Heimtaug stofngjald nýtenging	2.155 kr/tenging
Flutningur á línu af fjölsíma	8.663 kr/tenging

7.3 Verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug

Þjónusta	Verð
Aðgangur að efra tíðnisviði heimtaugar	303 kr/mánuð
Heimtaug stofngjald	2.950 kr/tenging
Flutningur á línu af fjölsíma	8.663 kr/tenging

7.4 Aðgangur að heimtaug í götuskáp

Þjónusta	Verð
Skiptur aðgangur með aðgengi að heimtaug í götuskáp	416 kr/mánuð
Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug	920 kr/mánuð
Heimtaug stofngjald	2.950 kr/tenging

Listi yfir götuskápa þar sem mögulegt er að veita VDSL aðgang er tilgreindur í fylgiskjali A.

Flutningur á þjónustu á aðra heimtaug

Þjónusta	Verð
Flutningur þjónustu á aðra heimtaug	2.155 kr/tenging
Flutningur á línu af fjölsíma	8.663 kr/tenging

7.5 Mælingar á heimtaugum

Óski þjónustukaupi eftir mælingu á heimtaug, skal þjónustusali verða við slíkum óskum. Þjónustukaupi getur óskað eftir verðtilboði í mælingarnar. Reynist heimtaug biluð er þjónustusala óheimilt að innheimta gjald fyrir mælinguna.

Þjónustukaupi skal ef nokkur kostur er veita þjónustusala aðgang að mælingum í gegnum kerfi þjónustukaupa þ.s. eftirfarandi mælingar eru að lágmarki aðgengilegar á heimtauganeti þjónustusala:

- Settur heimtaugahraði gagnvart upp- og niðurstreymi (Actual Upstream and Downstream Rate)
- Hámarks heimtaugahraði gagnvart upp- og niðurstreymi (Max Upstream and Downstream Rate)
- Deyfing heimtaugar gagnvart upp- og niðurstreymi (Attenuation Upstream and Downstream)
- Suðhlutfall gagnvart upp- og niðurstreymi (Noise Margin Upstream and Downstream)
- Sendistyrkur í upp- og niðurstreymi (Transmit (Tx) Power Upstream and Downstream)

Markmið ofangreindra mælinga af hálfu þjónustusala, í gegnum kerfi þjónustukaupa, er að greina hugsanlega truflanavalda á heimtauganetinu og tryggja um leið að truflunum af völdum milliheyrslu sé haldið í lágmarki.

7.6 Tilkynning um verðbreytingar

Þjónustusali skal tilkynna þjónustukaupa um verðskrárbreytingar með a.m.k. mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót frá því Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt nýtt verð.

Fylgiskjal A

Póstnr.	Símstöð	Skápa nr.	Heimilsfang	Húsnr.
113	GRHO	SK6524	Andrésbrunni	2
113	GRHO	SK6527	Andrésbrunni	12
113	GRHO	SK6531	Biskupsgötu	1
113	GRHO	SK6507	Grænlandsleið	22
113	GRHO	SK6508	Grænlandsleið	27
113	GRHO	SK6509	Grænlandsleið	29
113	GRHO	SK6526	Gvendargeisla	26
113	GRHO	SK6525	Gvendargeisla	76
113	GRHO	SK6522	Gvendargeisla	116
113	GRHO	SK6529	Gvendargeisla	138
113	GRHO	SK6517	Jónsgeisla	19
113	GRHO	SK6518	Jónsgeisla	35
113	GRHO	SK6504	Kirkjustétt	10
113	GRHO	SK6503	Kristnibraut	14
113	GRHO	SK6519	Þorláksgesla	94
113	GRHO	SK6520	Þorláksgesla	50
113	GRHO	SK6505	Kristnibraut	77
113	GRHO	SK6506	Kristnibraut	89
113	GRHO	SK6512	Kristnibraut	93
113	GRHO	SK6500	Maríubaugi	11
113	GRHO	SK6532	Marteinslaug	8
113	GRHO	SK6495	Ólafsgesla	37
113	GRHO	SK6496	Ólafsgesla	57
113	GRHO	SK6498	Ólafsgesla	85
113	GRHO	SK6497	Ólafsgesla	93
113	GRHO	SK6514	Prestastíg	7
113	GRHO	SK6513	Þorláksgesla	1
113	GRHO	SK6523	Þorláksgesla	8
113	GRHO	SK20514	Þórðarsveig	26
113	GRHO	SK6528	Þórðarsveig	14
113	GRHO	SK6499	Ólafsgesla	107
113	GRHO	SK6510	Kristnibraut	29
113	GRHO	SK6502	Maríubaugi	95
105	MULI	SK1615	Otrateigi	56
105	MULI	SK1708	Gullteigi	6
105	MULI	SK1700	Laugarnesvegi	44
105	MULI	SK1701	Hrísateigi	11
105	MULI	SK1475	Hrísateigi	35
105	MULI	SK1698	Kirkjusandi	3
105	MULI	SK1716	Laugateigi	14
105	MULI	SK1717	Laugateigi	42

105	MULI	SK1613	Rauðalæk	6
105	MULI	SK1545	Sigtúni	27
105	MULI	SK1715	Sigtúni	51
105	RAUD	SK7010	Hátúni	33
105	RAUD	SK7017	Hátúni	11
105	RAUD	SK7022	Samtúni	26
105	RAUD	SK1714	Hjálmholti	1
105	RAUD	SK1623	Bólstaðarhlíð	68
105	ENGI	SK11543	Bollagötu	6
105	ENGI	SK6338	Bólstaðarhlíð	8
105	ENGI	SK6326	Drápuhlíð	14
105	ENGI	SK6316	Drápuhlíð	36
105	ENGI	SK6317	Háteigsvegi	46
105	ENGI	SK6315	Hörgshlíð	18
105	ENGI	SK6337	Miklubraut	78
105	ENGI	SK6340	Úthlíð	8
105	KRIN	SK7261	Grænuhlíð	11
105	KRIN	SK7260	Bogahlíð	13
105	RAUD	SK11544	Snorrabraut	73
105	ENGI	SK6341	Flókagötu	61
105	ENGI	SK6339	Skaftahlíð	7
105	KRN	SK7280	Stigahlíð	69
105	MULI	SK1713	Bólstaðarhlíð	26
105	MULI	SK1622	Bólstaðarhlíð	52
105	MULI	SK1719	Kirkjuteigi	19
105	MULI	SK1614	Laugalæk	3
105	MULI	SK1477	Rauðalæk	20
105	MULI	SK1478	Rauðalæk	36
105	MULI	SK0129	Hofteigi	22
105	MULI	SK1712	Skaftahlíð	26
105	ENGI	SK6332	Hamrahlíð	7
105	MULI	SK1508	Sundlaugavegi	20
105	MULI	SK0324	Bugðulæk	1
105	ENGI	SK6314	Háuhlíð	10
105	ENGI	SK6333	Flókagötu	12
105	KRIN	SK10515	Grænuhlíð	26
104	MULI	SK0103	Hjallavegi	19
104	MULI	SK1470	Langholtsvegi	34
104	MULI	SK1633	Hjallavegi	7
104	MULI	SK1634	Hjallavegi	33
104	MULI	SK1635	Kambsvegi	7
104	MULI	SK1631	Kambsvegi	31
104	MULI	SK1473	Langholtsvegi	78
104	MULI	SK1693	Langholtsvegi	144
104	MULI	SK1691	Langholtsvegi	187

104	MULI	SK1626	Kleifarvegi	14
104	MULI	SK1692	Langholtsvegi	178
104	MULI	SK1566	Sæviðarsundi	42
104	MULI	SK1644	Efstasundi	55
104	MULI	SK1628	Hólmasundi	12
104	MULI	SK1519	Skipasundi	29
104	MULI	SK1696	Efstasundi	73
104	MULI	SK1695	Efstasundi	91
104	MULI	SK1518	Skipasundi	7
104	MULI	SK1697	Skipasundi	59
104	MULI	SK1642	Efstasundi	11
104	MULI	SK1476	Eikjuvogi	10
104	MULI	SK1522	Skipasundi	43
104	MULI	SK1567	Sæviðarsundi	68
104	MULI	SK1471	Langholtsvegi	54
104	MULI	SK1694	Skipasundi	77
104	MULI	SK1643	Efstasundi	31
104	MULI	SK1469	Langholtsvegi	14
104	MULI	SK1568	Sæviðarsundi	92
104	MULI	SK1495	Vesturbrún	29
104	MULI	SK1480	Laugarásvegi	7
104	MULI	SK0329	Laugarásvegi	54
104	MULI	SK1481	Laugarásvegi	18
104	MULI	SK1482	Laugarásvegi	38
104	MULI	SK1562	Sæviðarsundi	18
112	BORH	SK4626	Bakkastaðir	57
112	BORH	SK4667	Barðastaðir	89
112	BORH	SK4691	Brúnastöðum	38
112	BORH	SK4663	Garðastöðum	40
112	BORH	SK4665	Garðsstöðum	2
112	BORH	SK4628	Bakkastöðum	1
112	BORH	SK4629	Bakkastöðum	165
112	BORH	SK4627	Bakkastöðum	93
112	BORH	SK4633	Ljósuvík	13
112	BORH	SK4634	Ljósuvík	36
112	BORH	SK4630	Hamravík	22
112	BORH	SK4690	Brúnastöðum	2
112	BORH	SK4689	Brúnastöðum	71
112	BORH	SK4692	Gautavík	20
112	BORH	SK4681	Breiðuvík	57
112	BORH	SK4680	Breiðuvík	33
112	BORH	SK4632	Hamravík	70
112	BORH	SK4675	Breiðuvík	2
112	BORH	SK4693	Gautavík	41
112	BORH	SK4659	Vættaborgum	101

